

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Við 4. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá skal Orkustofnun leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum.

2. gr.

2. másl. 4. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á haustþingi voru samþykkt lög um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, nr. 166/2008. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi lagði iðnaðarnefnd m.a. til þá breytingu að leitað yrði umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt væri um leyfi til rannsóknar og vinnslu á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum. Var samþykkt breytingartillaga um að bæta nýjum málslíð um umsagnarrétt sveitarfélaga við 4. mgr. 10. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Við nánari athugun kemur í ljós að ákvæðið um umsagnarrétt sveitarfélaga á ekki heima í 4. mgr. 10. gr. laganna heldur í 4. mgr. 7. gr. Með frumvarpinu er því lagt til að nýr málslíður bætist við 4. mgr. 7. gr. laganna og jafnframt að 2. másl. 4. mgr. 10. gr. laganna falli brott.